



Forsætisnefnd

Reykjavík, 26. ágúst 2025

MSS23010279

Breytingar á samþykkt stafræns ráðs

Forsætisnefnd hefur borist erindi þjónustu- og nýsköpunarsviðs þar sem óskað er eftir því að samþykktum stafræns ráðs verði breytt. Í samþykktum annarra fagraða Reykjavíkurborgar er að finna ákvæði um ráðningar á viðkomandi fagsviði en slíkt ákvæði hefur ekki verið að finna í samþykkt stafræns ráðs né í samþykktum forvera þess, mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráði og stjórnkerfis- og lýðræðisráði.

Einnig bárust tillögur að breytingu á samþykktinni sem yfirfarnar hafa verið af skrifstofu borgarstjórnar. Óskað er eftir að forsætisnefnd taki tillögurnar til umfjöllunar og vísi til meðferðar borgarstjórnar, ef nefndin fellst á erindið.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Tillaga að breytingu á samþykkt stafræns ráðs.



Reykjavík



Reykjavík, 22. ágúst 2025
PON25070039

Efni: Breytingar á samþykkt fyrir stafrænt ráð

Lagt er til að ráðningarvald til stjórnenda á þjónustu- og nýsköpunarsviði („PON“) verði gert skýrara.

Í 2. mgr. 74. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum („samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar“) kemur fram að stjórnendur á hverri starfseiningu fyrir sig og næstráðendur þeirra annist ráðningu annarra starfsmanna í samræmi við ákvæði laga og samþykktar Reykjavíkurborgar. Ekki er að finna nánara valdframsal í lögum eða samþykktum Reykjavíkurborgar til þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Samþykktir annarra fagraða Reykjavíkurborgar hafa flestar að geyma ákvæði um framsal á ráðningarvaldi.

Til þess að skýra valdframsalið nánar leggur PON til eftirfarandi tillögu að nýrri grein í samþykkt fyrir stafrænt ráð. Í tillögunni eru starfseiningar PON skilgreindar sem skrifstofur PON í skilningi 2. mgr. 74. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar í samræmi við stofngögn sviðsins. Í ákvæðinu er lagt til að sviðsstjóri skuli ráða skrifstofustjóra. Skrifstofustjórar teljast þá stjórnendur starfseininga sem hafa heimild til að ráða annað starfsfólk. Samkvæmt samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar hafa næstráðendur þeirra einnig ráðningarvald og er það því skrifað nánar út í ákvæðinu svo það valdi ekki ruglingi. Valdframsalið helst þá innan þeirra heimilda sem fram koma í 2. mgr. 74. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að viðbótin komi inn á undan ákvæði um málsmeðferð og verði því 11. gr. til samræmis við uppsetningu annarra samþykktar fagraða borgarinnar:

11. gr.

Borgarráð ræður sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs, að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn.

Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs skal ráða skrifstofustjóra. Skrifstofustjórar eða næstráðendur þeirra hafa heimild til að ráða annað starfsfólk.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík

Samþykkt fyrir stafrænt ráð Reykjavíkurborgar

Umboð

1. gr.

Stafrænt ráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Verksvið

2. gr.

Stafrænt ráð skal móta stefnu og aðgerðir í gagnsæis-, lýðræðis-, stafrænum-, nýsköpunar og þjónustumálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri þjónustu- og nýsköpunarsviðs, starfsemi ráðgjafa borgarbúa og að samþykktum og stefnumörkun Reykjavíkurborgar á verksviði ráðsins sé fylgt. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

Stafrænt ráð ákvarðar og forgangsraðar verkefnum sem lúta að stafrænni framþróun samkvæmt fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar. Ráðið stýrir þannig nýtingu og ráðstöfun aðfanga svo fjárfestingar í stafræna þróun verði hámarkaðar og verkefnum dreift með gagnsæjum hætti á málaflokkka.

Stafrænt ráð afgreiðir erindisbréf ráðgjafa borgarbúa sem skal einnig skila ráðinu árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar. Ráðið starfar þvert á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar að þeim verkefnum sem ekki heyra undir þjónustu- og nýsköpunarsvið.

Verkefni

3. gr.

Stafrænt ráð fer með það verkefni að auka gagnsæi í stjórnsýslu borgarinnar og gera þjónustu við borgarbúa skilvirkari, markvissari og sýnilegri og hafa umsjón með stafrænni umbreytingu. Auk þess skal stafrænt ráð stuðla að eflingu lýðræðisþátttöku íbúa, opinberrar og samfélagslegrar nýsköpunar, snjallvæðingar og skilvirkrar nýtingu tækni í þágu stefnumörkunar borgarinnar.

Til að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur stafrænt ráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni á sínu sviði:

1. Er borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði gagnsæis, lýðræðismála, nýsköpunar, tækni, þjónustu og stafrænnar umbreytingar, ber ábyrgð á kynningum og annarri tengdri stefnumörkun auk þess sem ráðið stuðlar að þekkingaröflun og miðlun upplýsinga.
2. Forgangsraðar verkefnum í stafrænni framþróun, nýsköpun, lýðræðis- og þjónustumálum.
3. Afgreiðir heimildarbeiðnir um ráðstöfun fjármagns samkvæmt fjárfestingaráætlun til afgreiðslu borgarráðs. Gerir tillögur til borgarráðs um íbúalýðræði, gagnsæi stjórnsýslunnar, samráð og þátttöku borgarbúa, þjónustutengd verkefni, fyrirkomulag opinberrar og samfélagslegrar nýsköpunar, þjónustuveitingu og verkefni í stafrænni þjónustu s.s. snjallvæðingu. Hefur samvinnu við ríki, önnur sveitarfélög, opinberar stofnanir, háskóla- og frumkvöðlasamfélagið um nýsköpun og stafræna umbreytingu, og veitir árlega nýsköpunarverðlaun Reykjavíkurborgar.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi heyri undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Stafrænt ráð skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

Skipan

5. gr.

Stafrænt ráð er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Stafrænt ráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður stafræns ráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum. Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu sviðsins, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Stafrænt ráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja fulltrúa um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, eftir því sem við á.

Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar um fundargerðir nefnda og ráða Reykjavíkurborgar.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum eftir því sem við á.

Samráð

9. gr.

Stafrænt ráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Ráðið skal leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Stafrænu ráði ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári.

Fjármál

10. gr.

Stafrænt ráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur sviðsstjóra þjónustu og nýsköpunar að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsörðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.

Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður ráðsins og sviðsstjóri þjónustu og nýsköpunar kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Ráðningar

11.gr.

Borgarráð ræður sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs, að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn.

Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs skal ráða skrifstofustjóra. Skrifstofustjórar eða næstráðendur þeirra hafa heimild til að ráða annað starfsfólk.

Málsmeðferð

124. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu stafræns ráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal stafrænt ráð taka málið upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi samþykkt fyrir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð frá 21. desember 2021.

Samþykkt í borgarstjórn

20. september 2022

Breytt á fundi borgarstjórnar 1. apríl 2025